



## **AFREKSÍÞRÓTTASJÓÐUR UNGMENNA Í SVEITARFÉLAGINU SKAGAFIRÐI**

### *1. grein*

*Sveitarfélagið Skagafjörður leggur árlega til í sjóð allt að kr. 300.000.- sem ætlaður er til að styrkja börn og ungmenni sem skara fram úr í íþróttum.*

### *2. grein*

*Styrkurinn er ætlaður þeim sem taka þátt í landsliðsverkefnum eða öðru sem jafna má við þátttöku í þeim að mati sérstakrar úthlutunarnefndar, enda hafi slík þátttaka í för með sér veruleg útgjöld þátttakenda og forráðamanna þeirra.*

### *3. grein*

*Hver einstaklingur getur sótt um styrk að hámarki tvisvar á ári. Styrkupphæð er kr. 25.000.- fyrir hverja ferð sem farin er.*

### *4. grein*

*Skilyrði fyrir úthlutun er að umsækjendur eigi lögheimili í Sveitarfélaginu Skagafirði og stundi íþrótt sína á vegum aðildarfélaga UMSS. Sé viðkomandi grein ekki stunduð innan aðildarfélaga UMSS skal umsókn metin sérstaklega.*

### *5. grein*

*Greiði sérsamband eða aðrir aðilar fyrir ferð eða veiti viðkomandi styrki getur ekki komið til úthlutunar úr sjóði þessum.*

### *6. grein*

*Úthlutunarnefnd skipa formaður félags- og tómstundanefndar, forstöðumaður íþróttamála og formaður UMSS.*